

1017. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. mars 2009 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Steinar J. Kristjánsson, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Þorlákur Jóhannsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt og undirrituð.

2. Kosningar til stjórnar og tónaðarráðs VR

Gunnar Páll lagði fram skjalið „Niðurstöður í kosningu um framboð til trúnaðarstarfa hjá VR“. Rætt var um niðurstöðu kosninganna.

Jóhanna E. bað um að fært yrði til bókar að henni þyki miður að svo mikilli reynslu og þekkingu hafi verið hent út með þessari niðurstöðu. Þetta muni hafa áhrif víða og sé VR nú í sárnum. Sagan muni sýna það að Gunnar Páll skilur eftir sig góð spor og að það hafi verið henni heiður að fá að starfa með honum. Fleiri tóku undir með Jóhönnu og voru kosningar áfram ræddar vítt og breitt. Rætt var um að aðkoma fráfarandi trúnaðarráðs og stjórnarmanna að komandi Ársfundi ASÍ væri snúin.

3. VR varasjóður

Gunnar Páll lagði fram skjalið „VR varasjóður mar. 09“ þar sem settar eru upp í töflu fjórar mismunandi leiðir sem hægt væri að fara með innlögn í VR varasjóð að lokinni samþykkt á komandi aðalfundi. Umræður urðu um þetta og ákveðið að greiða sem svarar 45% og yrði framlag um 450 milljónir króna.

4. Aðalfundur VR

Gunnar Páll lagði fram skjalið „Tillaga stjórnar VR fyrir aðalfund 2008“ og var rætt um komandi aðalfund. Samþykkt að gera tillögu um óbreytt félagsgjald og stjórnarlaun ásamt því að leggja til sömu endurskoðendur. Fram hefur komið lagabreytingartillaga frá félagsmannu um að þrengja möguleika félagsins til ávöxtunarmöguleika og bæta þarf félagssvæðinu á Austurlandi í 1. gr. um starfssvæði.

5. Breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Gunnar Páll lagði fram bréf frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna dags. 27. febrúar 2009, Efni: Breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, þar sem kynnt er breytingartillaga sem stjórn sjóðsins leggur til vegna breytinga á lögum nr. 1717/2008 og lögum nr. 108/2006. Einnig lagðar fram breytingartillögurnar í skjali „Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins“ dags. 20. febrúar 2009. Farið yfir þessar breytingartillögur og þær samþykktar.

6. Orlofssjóður

Frestað.

7. **Stuðningur við atvinnulausa**
Frestað.

8. **Trúnaðarmenn**
Frestað.